



Fundargerð

69. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 16. september 2016, kl. 13:30, í ráðsalnum við Höfðatorg.

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Mosfellsbær:

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Halldór Halldórsson, Ólafur Ingi Óskarsson, Ófeigur Friðriksson og Steinþór Einarsson boðuðu forföll.

Einnig sátu fundinn fagrað svæðisskipulagsnefndar; Þormóður Sveinsson, Arinbjörn Vilhjálmsson, Birgir H. Sigurðsson, Kristinn H. Guðbjartsson og Ólafur Melsted.

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fundinn og stýrði.

1. Þjóðlendum, ferlar og skipulag /málsnr. 1611001

Erindi Regínu Sigurðardóttur og Stefáns Thors frá forsætisráðuneytinu. Farið var yfir lagagrunn þjóðlenda og óbyggðanefndar, ferli þjóðlendumála á höfuðborgarsvæðinu og hvaða áhrif breytt eignarhald á þjóðlendum munu hafa á skipulagsmál. Einnig var greint frá hvernig sveitarfélagamörkum er breytt í kjölfar úrskurða óbyggðanefndar.

Umræður:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fyrri áhugaverða kynningu. Á höfuðborgarsvæðinu er stór hluti upplandsins innan skilgreindra þjóðlenda, þar eru vatnsverndarsvæði og útivistarsvæðis sem hafa mikla þýðingu fyrir íbúa. Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að haft verði samráð við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um framvindu eigendastefnu þjóðlenda.

2. Breytingar á stjórn svæðisskipulagsnefndar.

Kópavogsbær hefur gert breytingar á skipun í svæðisskipulagsnefnd. Í stað Sverris Óskarssonar verður Hreiðar Oddsson. Hreiðar tekur yfir verkefni Sverris sem varaformaður svæðisskipulagsnefndar og fulltrúi í framkvæmdanefnd.

Umræður:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd bíður Hreiðar velkomin og þakkar Sverri vel unnin störf.

3. Verkefnin framundan.

Farið yfir skilgreindar aðgerðir í gildandi svæðisskipulagi og ræddar áherslur fyrir fjárhagsáætlunargerð nefndarinnar.

Umræður

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.